

## 186. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams, mánudaginn 6. nóvember 2023 og hófst hann kl. 16:00.

Boðaðir : Kristinn Hallur Sveinsson, Auður Kjartansdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Birkir Snær Guðlaugsson, Bjarni Sigurbjörnsson, Garðar Freyr Vilhjálmsson og Trausti Gylfason.

Forföll: Sigurhanna Ágústa Einarsdóttir og Skúli Hreinn Guðbjörnsson

### Dagskrá

#### 1. Lífland Kornmylla á Grundartanga

Erindi Líflands dagsett 31. ágúst 2023 þar sem óskað er eftir að heilbrigðisnefnd taki upp fyrri ákvörðun um að ekki sé unnt að afgreiða starfsleyfi fyrir nýja hveitimyllu á Grundartanga vegna nálægðar við mengandi starfsemi. Málið var síðast á dagskrá nefndarinnar **9. október 2023**. Starfsfólk Líflands kynnti sjónarmið Líflands fyrir fundarmönnum og lögð voru fram ýmis gögn því þessu tengd.

*Nefndin þakkar forsvarsmönnum Líflands fyrir kynninguna. Framkvæmdastjóra falið að afla frekari gagna í samræmi við umræður á fundinum.*

#### 2. Skýrsla starfshóps til að móta tillögur um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum

Skýrslan var lögð fram. Málinu var frestað til næsta fundar.

#### 3. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndarinnar

3.1 Þórunn Elva Þórðardóttir f.h. Daladekurs Vesturbraut 8 í Búðardal sækir um breytingar á starfsleyfi þar sem við starfsemi snyrtistofunnar bætast fótaaðgerðir. Leyfið gildir til 15. mars 2031.

3.2 Hótel b59 ehf. sækir um starfsleyfi til reksturs hótels á Borgarbraut 59 í Borgarnesi. Leyfi var gefið út 11. október 2023 og gildir í 12 ár.

3.3 Hlynur Klemenzson sækir um handhafabreytingu á starfsleyfi fyrir vatnsveitu vegna mjólkurframleiðslu á Dýrastöðum í Borgarbyggð. Leyfi gefið út 13. október 2023 og er ótímabundið.

3.4 Caroline Langhein sækir um starfsleyfi fyrir gististað á Helgugötu 7 í Borgarnesi. Gestafjöldi er 5 dvalargestir. Leyfi gefið út 16. október 2023 og gildir í 12 ár.

3.5 Benedikt Efraim Elvarsson sækir um leyfi til reksturs gististaðar á Skólasetursvegi 6 í Hvalfjarðarsveit. Gestafjöldi er 4. Leyfi gefið út 19. október 2023 og gildir í 12 ár.

3.6 SamaMar ehf. sækir um leyfi til reksturs matsölustaðar á Þvervegi 2, í Stykkishólmi vegna veitingastaðarins Skipper. Gestafjöldi er 30 innandyra og á útisvæði 20 gestir. Leyfi gefið út 3. nóvember 2023 og er ótímabundið.

*Lagt fram.*

#### 4. Tóbakssöluleyfi.

Krummafótur ehf. sækir um endurnýjað leyfi fyrir tóbakssölu á veitingastaðnum Skúrnum, Aðalgötu 25, Stykkishólmi. Leyfið gildir frá 9. október 2023 í fjögur ár.  
*Lagt fram.*

#### 5. Umsagnir til sýslumanns

##### Umsagnir til sýslumanns rekstrarleyfi

- 5.1 Vilhjálmur Gíslason sækir um endurnýjað leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, að Ferstiklu 2, Hvalfjarðarsveit. Gestafjöldi er 5 gestir. Jákvæð umsögn send 10. október 2023.
- 5.2 Hótel B59 ehf. sækir um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV, hótel, að Borgarbraut 59, í Borgarnesi. Gestafjöldi er 192 dvalargestir. Jákvæð umsögn send 13. október 2023.
- 5.3 Caroline Langhein sækir um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, á Helgugötu 7 í Borgarnesi. Gestafjöldi er 5 dvalargestir. Jákvæð umsögn send 16. október 2023.
- 5.4 Alex elskar mömmu ehf. sækir um rekstrarleyfi til reksturs á Hjallabrekku 1, í Skeljabrekkulandi Borgarbyggð. Gestafjöldi 3 dvalargestir. Neikvæð umsögn send 17. október 2023 þar sem ekki hefur borist formleg staðfesting á að starfsemin samræmist skipulagi á svæðinu.
- 5.5 Benedikt Efraim Elvarsson sækir um rekstrarleyfi fyrir gististað á Skólasetursvegi 6 í Hvalfjarðarsveit. Jákvæð umsögn send 19. október 2023.
- 5.6 SamaMar ehf. sækir um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki III, veitingahús, á Þvervegi 2 í Stykkishólmi. Heiti veitingastaðar er Skipper. Gestafjöldi er 30 gestir innandyra og 20 á útisvæði. Jákvæð umsögn send 3. nóvember 2023.

##### Umsagnir til sýslumanns tækifærisleyfi

- 5.7 Karl Birgir Örvarsson sækir um tækifærisleyfi vegna Sviðaveislu og dansleikjar í íþróttahúsiinu á Laugum Sælingsdal, Dalabyggð, þann 27. október 2023. Áætlaður gestafjöldi er 250 gestir. Jákvæð umsögn veitt 25. október 2023.
- 5.8 Lighthouse Restaurant ehf. Kirkjubraut 8 Akranesi, sækir um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi fyrir skemmtun; Heimaskagi – Tónlistarhátíð 27. október til 29. október 2023. Gestafjöldi 150 gestir. Jákvæð umsögn send 27. október 2023.

*Lagt fram.*

##### Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

###### Borgarbyggð

- 5.9 Umsagnarbeiðni vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi leikskólalóðar og einbýlishúsalóða í Bjargslandi. Umsögn veitt 8. september 2023.
- 5.10 Umsagnarbeiðni um breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, vegna verslunar- og þjónustusvæðis í landi Signýjarstaða. Umsögn veitt 20. október 2023.
- 5.11 Umsagnarbeiðni um lýsingu á fyrirhuguðum breytingum á deiliskipulagi við Langárbyrgi við Langá, Borgarbyggð. Umsögn veitt 23. október 2023.
- 5.12 Umsagnarbeiðni um vinnslutillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022 vegna breytingar þjóðvegi 1 og stækkunar á íbúðarsvæði. Umsögn veitt 23. október 2023.

### **Dalabyggð.**

- 5.13 Umsagnarbeiðni vegna verkefnalýsingar fyrir skógræktaráform í landi Ljárskóga Dalabyggð. Umsögn heilbrigðiseftirlits send 20. október 2023.

### **Akranes.**

- 5.14 Umsagnarbeiðni um lýsingu á breytingu á deiliskipulagi á Dalbrautarreit – norðurhluti. Umsögn send 30. október 2023.

*Lagt fram.*

## **6. Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.**

- 6.1 Mjólkursamsalan ehf. Flutningur úrgangs/asbets úr gömlu ketilhúsi í Búðardal. Skráð 9. október 2023.. Auðkenni skráningar 366034.
- 6.2 Steypustöðin ehf, Engjaási 1 og 2 Borgarnesi. Steypueiningarverksmiðja – steypustöð. Skráð 5. október 2023. Auðkenni skráningar 359759.
- 6.3 Hildur Ingólfssdóttir. Kírópraktor Kirkjubraut 28 á Akranesi. Skráð 19. október 2023. Auðkenni skráningar. 367201.

*Lagt fram.*

## **7. Önnur mál**

- 7.1 Kynnt að Aðalbjörg Aðalbjörnsdóttir hefur verið ráðin í starf heilbrigðisfulltrúa í stað Árna Gunnarssonar sem hefur sagt upp störfum.
- 7.2 Aðalfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi var haldinn þann 31. október 2023. Formaður og framkvæmdastjóri sóttu fundinn.
- 7.3 Árlegur haustfundur heilbrigðiseftirlitssvæða var haldinn daganna 31. október til 1. nóvember 2023 og tók starfsfólk Heilbrigðiseftirlits Vesturlands þátt í fundinum.

Fundi slitið 17.45

